

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 25. janúar 2018 kl. 9:30, en þetta var 58. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (14. des. 2017) var samþykkt.

2. Þátttaka í eTranslation Term Bank (eTTB)

ÁP var með framhaldskynningu frá síðasta fundi. Nefndin var sammála um að vart kæmi annað til greina en að taka þátt í þessu verkefni enda kostirnir augljósir og gallar vandséðir. Fyrir fundinum lágu drög að bréfi formanns þar sem okkar þátttaka er formlega samþykkt og var bréfið samþykkt samhljóða.

3. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „pregnancy“ og „gravida“ (45 færslur sem höfðu verið lesnar yfir af sérfræðingi í kvensjúkdómum) og „emphysema“ (13 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar. Þær verða síðan birtar í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Kynnt voru hugtökin „marker“, „biomarker“ og ýmis tengd hugtök. Rætt var um möguleikann að þýða „marker“ með „marki“ og „biomarker með „lífmarki“ eða „lífkenni“. Unnið verður áfram með þessi hugtök.

c) Kynntar voru fyrirspurnir sem hafa borist og rætt óformlega um þær. Fyrirspurn barst frá Lyfjastofnun um „sign“ og „symptom“ og hvort gerður sé skýr greinarmunur á þessum tveimur hugtökum; málið verður borið undir sérfræðing(a) í lyflæknisfræði.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 15. feb. 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:35.